

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Strepsils Cool munnsogstöflur

2,4-tvíklórbensýlalkóhól 1,2 mg / amýlmetakresól 0,6 mg

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækningurinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækningurinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan nokkurra daga.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Strepsils Cool og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Strepsils Cool
3. Hvernig nota á Strepsils Cool
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Strepsils Cool
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Strepsils Cool og við hverju það er notað

Strepsils Cool munnsogstöflur draga úr eymslum og hafa bakteríudrepandi verkun. Strepsils Cool er notað við eymslum og ertingu í hálsi hjá fullorðnum og börnum eldri en 12 ára.

Verið getur að lækningurinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð. Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan nokkurra daga.

2. Áður en byrjað er að nota Strepsils Cool

Ekki má nota Strepsils Cool:

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir 2,4-tvíklórbensýlalkóhóli og/eða amýlmetakresóli eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá lækningurinn eða lyfjafræðingi áður en Strepsils Cool er notað:

- ef þú ert með arfgengt frúktósaóþjól, glúkósa-galaktósa vanfrásog eða súkrósa-ísómaltasaþurrð.
- ef þú ert með sykursýki, þar sem Strepsils Cool inniheldur 1,0 g af glúkósa og 1,4 g af súkrósa í hverri munnsogstöflu.

Notkun annarra lyfja samhliða Strepsils Cool

Látið lækningurinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Meðganga, brjóstagið og frjósemi

Við meðgöngu, brjóstagið, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá lækningurinn eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Meðganga

Engar eða takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um notkun 2,4-tvíklórbensýlalkóhól og amýlmetakresóls. Eins og á við um öll lyf skal sýna aðgát ef lyfið er notað á meðgöngu og leita ráða hjá lækni ef nauðsyn krefur.

Brjóstgjöf

Ekki er vitað hvort 2,4-tvíklórbensýlalkóhól, amýlmetakresól eða umbrotsefni þeirra berist í brjóstamjólki. Ekki er hægt að útiloka hættu fyrir nýbura/ungbörn.

Frjósemi

Engar upplýsingar liggja fyrir um hvort Strepsils Cool hafi áhrif á frjósemi.

Akstur og notkun véla

Strepsils Cool hefur engin áhrif á öryggi við stjórnun véla og hæfni til aksturs.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Strepsils Cool inniheldur glúkósa og súkrósa, gæta skal varúðar

Ef óþol fyrir sykrum hefur verið staðfest skal hafa samband við lækni áður en lyfið er notað.

Strepsils Cool getur valdið tannskemmdum við langtímanotkun.

Strepsils Cool inniheldur súlfít

Getur í undantekningartilvikum valdið ofnæmisviðbrögðum og berkjukrampa.

Strepsils Cool inniheldur hveitisterkju

Lyfið inniheldur mjög lítið magn af glúteni (úr hveitisterkju). Það er talið „glútenlaust“ og mjög ólíklegt er að það valdi óþægindum hjá sjúklingum með glútenóþol.

Ein munnsgostafla inniheldur ekki meira en 22,04 míkrogrömm af glúteni.

Þeir sem hafa ofnæmi fyrir hveiti (ekki það sama og glútenóþol) eiga ekki taka lyfið.

Strepsils Cool inniheldur própýlenglýkól

Lyfið inniheldur 1,89 mg af própýlenglýkóli í hverri munnsgöstöflu.

Strepsils Cool inniheldur ilmefni með bensýlalkóhóli, sinnamýlalkóhóli, sítrali, sítrónellóli, d-Límóneni, evgenóli og línalóli

Lyfið inniheldur ilmefni með bensýlalkóhóli, sinnamýlalkóhóli, sítrali, sítrónellóli, d-Límóneni, evgenóli og línalóli.

Bensýlalkóhól, sinnamýlalkóhól, sítral, sítrónellól, d-Límónen, evgenól og línalól geta valdið ofnæmisviðbrögðum.

Verið getur að lækningin hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

3. Hvernig nota á Strepsils Cool

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækningin eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá lækningunni eða lyfjafræðingi.

Til notkunar í munnhol. Strepsils Cool er látið leysast hægt upp í munn.

Ráðlagður skammtur

Fullorðnir: 1 munnsogstafla á 2-3 klst. fresti. Ekki skal nota meira en 12 munnsogstöflur á 24 klst. tímabili. Nota skal lægsta virka skammt í eins stuttan tíma og hægt er.

Notkun handa börnum

Börn eldri en 12 ára:

Notkun eins og lýst er fyrir fullorðna hér að ofan.

Börn yngri en 12 ára:

Börn yngri en 12 ára skulu ekki nota lyfið.

Aldraðir

Ekki er nauðsynlegt að breyta skömmtum handa öldruðum.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Við ofskömmtun er hætt á magaþægindum.

Ef gleymist að nota Strepsils Cool

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að nota.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Algengustu aukaverkanirnar eru ofnæmisviðbrögð. Við langtímanotkun getur komið fram erting í slímhúð. Einnig getur verið hætt á tannskemmdum við langtímanotkun.

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir: Koma fyrir hjá 1 til 10 af hverjum 10.000 einstaklingum

- Ofnæmisviðbrögð sem geta komið fram sem útbrot, ofsakláði og þroti, bráðir öndunarerfiðleikar og of lágur blóðþrýstingur ásamt yfirliði. Náladofi, sviði eða þroti í munni eða koki. Getur verið alvarlegt. Hafðu samband við lækinn. Ef fram kemur þroti í andliti, vörum og tungu getur það verið lífshættulegt. Hringdu í 112. Verkir í tungu geta komið fyrir. Óþægindi í munni og erting í hálsi og skyntruflanir í munni. Útbrot.

Aukaverkanir sem koma örsjaldan fyrir: Koma fyrir hjá færri en 1 af hverjum 10.000 einstaklingum

- Ógleði ásamt brjóstsviða / nábit

Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum):

- Magaverkur

Gert er ráð fyrir að tíðni, tegund og alvarleiki aukaverkana sé sá sami hjá börnum eldri en 12 ára og fullorðnum.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Strepsils Cool

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
Geymið Strepsils Cool í upprunalegum umbúðum.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum á eftir EXP.
Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Strepsils Cool inniheldur

- Virku innihaldsefnin eru: 2,4-tvíklórbensýlalkóhól og amýlmetakresól.
- Önnur innihaldsefni eru: Fljótandi súkrósi, fljótandi glúkósi (inniheldur súlfít og hveitisterkju sem inniheldur glúten), levómentól, eucalyptusolía, xýlítól, cool mint bragðefni (inniheldur própýlenglýkól), spearmint.

Lýsing á útliti Strepsils Cool og pakkningastærðir

Strepsils Cool eru glærar, kringlóttar munnsogstöflur merktar S á hvorri hlið.

Strepsils Cool er fáanlegt í þynnupakkningu með 10, 12, 16, 24 og 36 munnsogstöflum.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi

Reckitt Benckiser Healthcare (Scandinavia) A/S
Vandtárnsvej 83A
2860 Søborg
Danmörk

Framleiðandi

RB NL Brands B.V.
WTC Schiphol Airport
Schiphol Boulevard 207
1118 BH Schiphol
Holland

Umboð á Íslandi

Artasan ehf.
Suðurhrauni 12a
210 Garðabæ

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í janúar 2022.

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar <http://www.serlyfjaskra.is>